

# **Nám til prófs í tölvunarfræði BS (og kerfisfræði):**

## **Reglur um inntöku nemenda, prófkröfur, endurtöku prófa og námsframvindu:**

### **1. Inntaka nemenda**

1.1. Bókleg inntökuskilyrði eru almennt séð stúdentspróf eða sambærilegt próf.

### **2. Mat á fyrra námi**

2.1. Nemandi sem óskar eftir því að fá fyrra háskólanám sitt metið sækir um það til deildarfulltrúa á þar til gerðu eyðublaði.

2.2. Námskeið sem tekið hefur verið í öðrum háskóla er metið til ECTS eininga (M) við Háskólann í Reykjavík ef um er að ræða sambærilegt námskeið frá viðurkenndum háskóla, enda hafi nemandi staðist lágmarkskröfur viðkomandi háskóla.

2.3. Mat námskeiða frá öðrum háskólum skal vera í höndum námsmatsnefndar. Við mat verður m.a. tekið tillit til árangurs í viðkomandi námskeiðum og hve langt síðan námið var tekið.

2.4. Nemendur sem taka BS gráðu með aukagrein geta sótt um að fá metið 36 ECTS eininga val vegna háskólanáms sem þeir hafa stundað í annarri fræðigrein. Miðað að við að nemandi hafið lokið a.m.k. 60 ECTS eininga heilstæðu námi í viðkomandi grein (án þess að fá prófgráðu).

### **3. Lágmarkseinkunn og fjöldi eininga á önn**

3.1. Til að standast námskeið þarf nemandi að fá einkunn 5,0 eða hærri.

3.2. Nemandi getur sjálfur skráð sig í að hámarki 36 ECTS einingar á önn. Ef nemandi vill taka fleiri einingar á önn þarf hann að sækja um það til deildarfulltrúa.

### **4. Endurtekning prófa**

4.1. Nemanda er að hámarki heimilt að þreyta próf í tilteknu námskeiði fjórum sinnum (þ.m.t. endurtektarpróf). Ef nemandi stenst ekki próf er hann þreytir fjórða sinni ber honum að sækja um endurinnritun í viðkomandi námsbraut ef hann hefur hug á að halda áfram námi.

4.2. Hafi nemandi staðist próf getur hann óskað eftir að endurtaka prófið. Í þeim tilvikum gildir einkunn úr seinasta prófi.

4.3. Deildarfulltrúi og nemendaskrá hafa eftirlit með rétti nemenda til að endurtaka próf.

## **5. Námsframvinda**

**5.1.** Nemandi þarf að ljúka a.m.k. 42 ECTS einingum á fyrsta námsári sínu til að uppfylla kröfur um fullnægjandi námsframvindu (nemandi í HMV og fjarnámi þarf að uppfylla þetta skilyrði á fyrstu tveim námsárum sínum).

**5.2.** Nemandi skal ljúka námi eigi síðar en 2 árum eftir hvað eðlilegt telst samkvæmt námsskrá til að uppfylla kröfur um fullnægjandi námsframvindu.

**5.3.** Ef nemandi sem ekki uppfyllir kröfur um fullnægjandi námsframvindu (samkvæmt 5.1 og 5.2) hyggst halda áfram námi ber honum að sækja um endurinnritun í viðkomandi námsbraut.

**5.4.** Nemandi getur sótt um það í upphafi skólaárs að gera hlé á námi sínu eða að stunda nám samkvæmt sérstakri áætlun sem víkur frá ofangreindu. Umsóknin, ásamt áætlun um námsframvindu til námsloka, skal send til deildarfulltrúa, studd viðeigandi gögnum. Gildar ástæður fyrir námshléi eða hægferð í námi eru t.d. barnsburður eða veikindi.

**5.5.** Deildarfulltrúi og nemendaskrá hafa eftirlit með námsframvindu nemenda.

## **6. Endurinnritun**

**6.1.** Ef nemanda er veitt heimild til að endurinnritast heldur hann einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6,0 eða hærri. Reglur um áframhaldandi nám taka mið af gildandi námsskrá hverju sinni.

## **7. Skiptinemar**

**7.1.** Nemandi sem vill fá heil misseri í skiptinámi metin að fullu þarf að leggja fram áætlun fyrir skiptinámið og fá hana samþykka af námsmatsnefnd áður en skiptinámið hefst.

**7.2.** Vísað er til greinar 2.2 að ofan varðandi mat á einstökum námskeiðum.

## **8. Annað**

**8.1.** Kennari skal í upphafi námskeiðs leggja fram kennsluáætlun þar sem fram koma, auk efnislegrar lýsingar á viðkomandi námskeiði, skýrar upplýsingar um námsmat og vægi einstakra þátta til lokaéinkunnar.

**8.2.** Nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli geta sótt um í upphafi annar að skila verkefnum og taka próf á ensku.

**8.3.** Undanþágur frá reglum þessum eru aðeins veittar með samþykki námsmatsnefndar. Umsóknir um undanþágur skulu sendar til deildarfulltrúa, studdar viðeigandi gögnum.

## **Gildistaka:**

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Reglur þessar gilda fyrir nemendur sem innritast í Háskólann í Reykjavík haust 2006 og síðar.